

Nd.

316. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um eftirlaun handa Birni bankastjóra Kristjánssyni.

Frá allsherjarnefnd.

Háttv. efri deild hefir breytt fyrirsögn frv., og hefir nefndin ekki neitt við það að athuga. Þá hefir hún breytt nokkuð orðalagi frumvarpsgreinarinnar, og er aðalbreytingin sú, að eftirlaunarjetturinn skuli bundinn við 1. júlí 1918.

Nefndinni virðist algerlega rangt að binda eftirlaunarjettinn við ákveðinn mánaðardag, þar sem það er alls eigi á valdi Alþingis að taka nokkra ákvörðun um lausn embættis- eða sýslunarmanna frá störfum þeirra, og vill því eindregið leggja til, að frv. verði að efni til fært í sama horf og það var í, er það fór hjeðan úr hv. deild.

Samkvæmt því leyfir nefndin sjer að bera fram þessa

BREYTINGARTILLÖGU.

Frumvarpsgreinin orðist svo:

Frá þeim tíma, er Björn Kristjánsson lætur af stjórn Landsbanka Íslands, greiðir bankinn honum 4000 kr. á ári í eftirlaun.

Alþingi, 7. júní 1918.

Einar Arnórsson,
formaður.

Magnús Guðmundsson,
skrifari.

Porleifur Jónsson,
framsögum.

Pjetur Ottesen.

Einar Jónsson.